



## Stjórnarfundur 4 föstudaginn 9. nóvember 2012 kl. 16.00 á skrifstofu BLÍ.

*Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Valdimar Hafsteinsson, Óskar Hauksson.*

*Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson, Hreggviður Norðdahl.*

### Dagskrá

- Leikur Þróttar N og Ýmis (viðurlög)
- Formannafundur BLÍ
- Afmæli BLÍ
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Leikur Þróttar N og Ýmis

- Öll gögn málsins lögð fram um málið, staðfesting frá Vegagerð, Flugfélagi Íslands, bréf frá Ými og fleira. Miðað við málsatvik og reglugerðir þá var einsýnt að lið Ýmis verður beitt sekt fyrir að mæta ekki til leiks í Neskaupstað. Formaður mun skrifa Blakdeild Ýmis um ákvörðun stjórnar.

#### Formannafundur BLÍ

- Farið yfir dagskrá formannafundar BLÍ sem fram fer laugardaginn 10. nóvember. Aðalmálið verður bikarhelgin og tilfærsla hennar.
- Sævar hefur lagt fyrir fundinn þrjár tillögur að breyttum dagsetningum vegna málsins og ákveðið að kynna þær félögunum á fundinum til að finna lausn á málinu.

#### Afmæli BLÍ

- Dagskrá afmælisins lögð fram og samþykkt.

#### Önnur mál

- Jason sækir þing CEV í næstu viku og þar verða einnig SCD og NEVZA fundir. Jason hefur ákveðið að bjóða sig fram í stjórn SCD á þeirra þingi.
- Nokkrar tillögur liggja fyrir NEVZA þingi og ber þar helst að nefna tillögu um fastan mótsstað fyrir U17 og U19 keppnirnar.
- Rætt var um uppfærslu á agareglum BLÍ.

*Fundi slitið kl. 17:45*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*